

Núverandi staða og framtíðarsýn í fiskeldi á Vestfjörðum



Vestfjarðastofa



Helstu niðurstöður – Jákvæðar

- Aðspurðir 81% jákvæðir gagnvart fiskeldi
- Fasteignaverð hefur hækkað á Vestfjörðum
- Fjölbreyttari störf í boði
- Íbúar með laun yfir 1.000.000 kr eru mjög jákvæðir
- Fiskeldið styrkir aðrar atvinnugreinar



Helstu niðurstöður — Neikvæðar

- Aldurshópurinn 31-45 ára hefur áberandi neikvæðari sýn á fiskeldi en aðrir hópar
 - Umhverfismálin
 - Atvinnutækifærin
 - Viðhorfið/ ímyndin
- Íbúar á Ströndum og Reykhólum hafa neikvæðari sýn á fiskeldi en aðrir hópar
- Íbúar með laun undir 400.000 kr á mánuði sjá ekki sömu tækifæri og aðrir tekjuhópar
- Blikur á lofti varðandi viðhorf á sunnanverðum Vestfjörðum þar sem komin er meiri reynsla af fiskeldi

STAÐAN

P

Pólitískt umhverfi

Á landsvísu

Uppbygging fiskeldis tiltekið í núverandi **stjórnarsáttmála**

Stofnanir ekki byggðar upp til samræmis við vöxt á nýrri atvinnugrein

Skortur á **heildarsýn** varðandi skatta og auðlindagjöld og skiptingu milli ríkis og sveitafélaga.

Gjaldtaka ríkisins með þeim hætti að erfitt er að sjá hvernig fjármunir nýtast atvinnugreininni

Innan Vestfjarða

Sveitarfélög bílast um bitlinga

Uppbygging á **forsendum** fyrirtækja

Skortur á **heildarmynd**

E

Efnahagslegt umhverfi

Mesta **fjárfesting** í vestfirsku atvinnulífi í áratugi

Eldið **skapar störf** en gæta verður að því að stjórnunarstörf verði til á svæðinu, frekar en utan þess eða utanlands

Færri afleidd störf en upphaflega áætlað (1,8 vs 2,4)

S

Samfélagslegir þættir

Ný **störf** hafa skapast á svæðinu

Fasteignaverð hefur hækkað umtalsvert

Íbúum hefur **fjölgað** á svæðum þar sem fiskeldi er hafið og aldurssamsetning er jákvæðari

Viðhorf **almennt jákvætt** gagnvart fiskeldi en þó blikur á lofti

Óljós framtíðaráform fyrirtækja skapar **óöryggi** í samfélögum

Sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa **staðið þétt við bakið** á fyrirtækjunum í **baráttu** um leyfisveitingar og umgjörð.

Menntun verður ekki til á svæðinu

T

Tæknilegir þættir

Líklegt er að þróun verði í átt að **aukinni sjálfvirkni**, **orkuskipti**, ný tækni varðandi það að forðast lús og sjúkdóma

Í þróun eru til dæmis **úthafskvíar**

Landeldi nær mörkuðum er einnig einn þáttur

Þróun á fiskeldi í lokuðum **kvíum** einnig þáttur sem horfa þarf til

E

Umhverfisþættir

Farið var af stað með eldi á Vestfjörðum undir formerkjum **umhverfissvænnar matvælaframleiðslu**

Mikil **andstaða** umhverfisverndarsamtaka við laxeldi

Fiskeldi hefur **umhverfisáhrif** og því eðlilegt að greitt sé fyrir afnot svæða og samfélög njóti ávinnings af uppbyggingunni

Langtímaáhrif fiskeldis á vistkerfið (firðina), lyfjagjöf, fóðrun, lús og sjúkdómar er meðal umhverfisþátta

Horfa þarf til þróunar **sjávarhita** og **súrnunar** sjávar auk **auðgunar** umhverfis vegna fóðrunar

L

Lagalegir þættir

Lög um **fiskeldi** 71/2008, **Strandsvæðaskipulag**, lög um **rannsóknir**, lög um **gjaldtöku** og **umhverfissjóð**, lög um **náttúruvernd**, **hafnalög**, **dýraverndunarlög**, **matvælaeftirlit**, lög um **matvælaframleiðslu**, lög um **dýrasjúkdóma** og varnir gegn þeim, lög um **umhverfismat**, **sveitarstjórnarlög**, **skipulagslög**, lög um **lax** og **silungsveiði**, lög um **stjórn vatnamála**, leyfisveitingar

Ábyrgð á atvinnugreininni **dreifið** sem skapað hefur tafir og tregðu í kerfinu

S.V.O.T.

FISKELDI Á VESTFJÖRÐUM

S

Styrkleikar

- Útgefið burðarþol 82.500 tonn
- Heimilt að ala allt að að 51.000 tonnum skv. áhættumati
- Umhverfissvottun sveitarfélaga á Vestfjörðum
- Gæðavottanir fyrirtækja í fiskeldi
- Jákvætt viðhorf til fiskeldis á Vestfjörðum
- Eldi komið vel af stað í Arnarfirði, Tálknafirði og Patreksfirði
- Eldi að hefjast í Ísafjarðardjúpi og eflast í Dýrafirði og Önundarfirði

V

Veikleikar

- Veikir innviðir – samgöngur og raforka
- Húsnæðisskortur í flestum byggðakjörnum
- Erfiðar samgöngur innan atvinnusvæða
- Fjarlægð frá alþjóðaflugvelli
- Skortur á rannsóknum
- Fjarlægð stoð- og eftirlitsstofnana
- Takmarkað framboð á starfsfólki
- Blikur á lofti varðandi viðhorf til fiskeldis þar sem það er hafið

Ó

Ógnanir

- Sjúkdómar, lús, erfðablöndun, mengun
- Hitastig sjávar, súrnun og veðurfar
- Tímafrek innviðauppbýgging og lítill fyrirsjáanleiki
- Neikvæð viðhorf gagnvart atvinnugreininni
- Samfélög (sveitarfélög) og fyrirtæki ganga ekki í takt
- Óljós framtíðaráform fyrirtækja
- Deilur um staðsetningar, aflagjöld og auðlindagjöld
- Auðlindagjöld skila sér ekki til uppbyggingar á svæðinu

T

Tækifæri

- Fyrirsjáanlegar úrbætur í samgöngumálum
- Fjölgun fjölbreyttra atvinnutækifæra
- Efling byggða eftir langt hnignunarskeið
- Auknar útflutningstekjur svæðisins
- Samlegðaráhrif við sjávarútveg
- Uppbygging kallar á aukna innviðauppbýggingu
- Möguleikar á nýsköpun og þekkingaruppbyggingu í tengdum greinum og hliðargreinum



HORFT TIL FRAMTÍÐAR EÐA TJALDAÐ TIL EINNAR NÆTUR?

	Skammtímahugsun	Langtímahugsun
Stöðugt verð/eftirspurn	Skammtímahugsun í stöðugu verði/eftirspurn	Langtímahugsun í stöðugu verði/eftirspurn
Minnkandi verð/eftirspurn	Skammtímahugsun í lækkandi verði / minnkandi eftirspurn	Langtímahugsun í lækkandi verði/minnkandi eftirspurn

LYKILÞÆTTIR TIL FRAMTÍÐAR





LEIÐARLJÓS SAMFÉLAGS SÁTTMÁLA

- Nærsamfélögin njóti ávinnings af fiskeldisuppbyggingu og starfsemi
- Fiskeldi á Vestfjörðum lúti ströngustu umhverfiskröfum, er vottað og umhverfisáhrif lágmörkuð
- Innviðir svæðisins tryggja fyrirtækjum samkeppnishæft umhverfi
- Fiskeldi í sátt við umhverfi og samfélag
- Uppbygging atvinnugreinarinnar byggi á langtímasýn

SAMEIGINLEG MARKMIÐ

- Að á Vestfjörðum verði 50 þúsund tonna sjálfbært fiskeldi
- Auðlindagjöld sem skapast í fiskeldi á Vestfjörðum renni til sveitarfélaganna
- Hratt verði unnið að því að innviðir svæðisins svari kröfum atvinnulífs og samfélags